

1863.

að því er snertir Lambhússund, þá getur stjórnarráðið þess, að það sé athugavert, að svo megi virðast, að alþingi, sem gjörði þær uppástungur, er lagaboð þetta er byggt á, hafi þótt ísjárvert, að leyft væri að sigla á alla staði við strendur landsins og verzla þar með allskonar vörur, ekki að eins af þeirri ástæðu, sem tekin er fram í bænarskrá þingsins, að landsmönnum yrði flutt of mikið af munaðarvörum, heldur einnig af því, að það gæti orðið til hnekkis verzlunarstöðunum ef verzla mætti á hverri vík og firði, svo væri og hætt við að það mundi leiða til margskonar óreglu þar sem ekkert yfirvald er; og þó gagnstæð skoðun kæmi fram í síðustu bænarskrá alþingis, þá styðjist hún á engan hátt við umræðurnar um málið á þinginu; að minnsta kosti virtist þetta atriði vera svo mikils um varðandi fyrir hina íslenzku verzlun, að ekki ætti að gjöra út um það fyrri en væri búið að íhuga vandlega öll atvik málsins og alþingi hefði haft það til meðferðar. En af þessu leiðir aptur á hinn bóginn, að ekki þótti eiga að gjöra undantekning frá lagaboði því, sem hér er um rætt, nema til þess væru öldungis órækar ástæður, en eins og konungsfulltrúi hafi sýnt fram á seu slíkar ástæður hér varla fyrir hendi. Að endingu er því við bætt, að fyrrum, þegar leyfð var verzlun á Krossvík, hafi verið haft tillit til þess, að íbúar Mýra sýslu gætu verzlað þar í stað þess að fara til Reykjavíkur, en sú ástæða verði þýðingarlitil ef löggiltur verði verzlunarstaður við Straumfjörð.

30. janúarm.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hafnargjöld í Reykjavík.

Eptir að stjórnarráðið er búið að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 5. aprílm. f. á., um það, hvort lækka skuli hafnargjöld í Reykjavík frekar en gjört hefir verið í hafnartaxta þeim, er dómsmálastjórnin lagði á samþykki sitt 18. febrúarm. f. á.,¹ skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbein-

1) Sjá hér að framan 638.—641. bls.

ingar og til þess þær kunngjörð þáð þeim, er hlut eiga að máli, 1863.
að stjórnarráðið fellst á þá uppástungu yðar, að hafnargjöldin 30. janúarm.
sjeu eigi frekar lækkuð.

4. Konungsúrskurður um próf í íslenskri tungu.

8. febrúarm.

Eptir uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn allramildilegast úrskurðað:

að próf það í íslensku máli, sem þeir menn, er sækja um að verða embættismenn á Íslandi en ekki eru Íslendingar, eiga að ganga undir, samkvæmt allrahæstum úrskurðum 8. aprílm. 1844 og 27. maím. 1857, skuli aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sé einnig haldið skriflegt próf, og að hið munnlega prófið sé haldið í heyranda hljóði og séu við það tveir prófdómendur, sem einnig taki þátt í að dæma um hið skriflega prófið; skuli það falið dómsmálastjórninni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni, eptir að hafa ráðgæzt um það við kirkju- og kennslustjórnina.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

13. febrúarm.

Frá hinu síðasta alþingi Íslendinga hefir dómsmálastjórninni borizt þegnleg bænarskrá, sem eptirrit af fylgir með bræfi þessu, um ráðstafanir, er nauðsynlegar séu móti yfirgangi útlendra fiskimanna við Ísland; svo hefir og komið bænarskrá, er fer í líka átt, frá lögþingi Færeyinga, því er haldið var árið 1861, og fylgir einnig hér með útdráttur úr þeirri bænarskrá.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir utanríkisstjórninni skjöl þessi og skýrskotar til bréfa þeirra, er fóru milli hennar og utanríkisstjórnarinnar árið 1859 út af bænarskrám, er komið höfðu um sama efni, og um leið og hún getur þess, að ekki virðist vera næg ástæða til eptir uppástungu alþingis að reyna